

Aðalfundur SÍL 2007, 15. sept. kl. 14:00

10 manns staddir á fundinum

Fundarstjóri: Vilborg Jónsdóttir

1. VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF

Runólfur: Skýrsla formanns. Samþ.

Atli: Skýrsla ritara. Samþ.

Vilborg: Skýrsla gjaldkera í fjarveru Jóns Ingvars. Samþykkt með fyrirvara, því efnahagsreikningur fylgdi ekki með.

Ákvörðun um félagsgjald:

Félagsgjald áfram 0 krónur. Samþ.

Kosningar:

Endurskoðendur: Borgar Jónsteinsson og Sigurður Smári Gylfason

Formaður: Runólfur gefur ekki kost á sér áfram. Lárus H. Grímsson gefur kost á sér

Ritari: Ása Berglind Hjálmarsdóttir gefur kost á sér. Halldór Víkingsson einnig í framboði. Halldór var kosinn með 5 atkv. gegn 4 og einn miði auður.

Gjaldkeri: Jón Ingvar Bragason gefur ekki kost á sér. Stungið upp á Stefáni Sigurjónssyni og var hann kosinn.

Meðstjórnendur: Atli Týr Ægisson gefur ekki kost á sér. Lárus H. Grímsson gefur kost á sér áfram. Í framboði eru Ásdís Þórðardóttir, Jón Óskar Guðlaugsson, Jarl Sigurgeirsson, Bára Sigurjónsdóttir. Atkv: Bára 3, Jarl 3, Ásdís 7, Jón Óskar 7

Stjórn SÍL starfsárið 2007-2008 er því þannig skipuð:

Formaður: Lárus Halldór Grímsson

Gjaldkeri: Stefán Sigurjónsson

Ritari: Halldór Víkingsson

Meðstjórnendur: Jón Óskar Guðlaugsson og Ásdís Þórðardóttir

2. SKÝRSLUR HLJÓMSVEITANNA

Fulltrúar lúðrasveita sem staddir voru á fundinum gáfu stutta skýrslu um starfsemi sinna hljómsveita.

Lúðrasveit Reykjavíkur: Hefðbundið ár. Hausttónleikar 2006, afmælisár, 85 ára. myrkir músíkdagar í feb. ný verk. tónleikar í maí. Tónleikar í lok okt. aftur myrkir músíkdagar í feb. 2008. 3 Æfingabúðir. aðstoða LV. í Vestmannaeyjum.

Lúðrasveitin Svanur: Minningartónleikar um Sæbjörn Jónsson. Upptökur eftir áramót. Vetrarhátíð. Vortónleikar í apríl auk hefðbundinna daga (17. júní o.fl.) Verið að safna efni á disk, með íslensku efni. Jólatónleikar seinnipart nóvember. Lúðrasveitamót í bænum Bad-Orb í Þýskalandi næsta haust. Breytingar á stjórninni.

Lúðrasveit Vestmannaeyja: Styrktarfélagatónleikar. Tónleikar með skólasveitunum í maí (minningartónleikar um Hjálmar). Jólaspilamennskur, auk hefðbundinna daga. spilað í messu á jóladag. Tónleikar 10 nóv. 30 ára afmæli skólalúðrasv.

Lúðrasveit Verkalýðsins: Æfingar hófust í ágúst. Októberfest, Barnatónleikar í ráðhúsinu, endurteknir með Lúðrasveit Þorlákshafnar í desember. Stjórnendaskipti: Snorri Heimisson er nýr stjórnandi. Washington um páskana. Vortónleikar í ráðhúsinu, Vestmannaeyjar um sjómannadag. októberfest núna í okt. Hausttónleikar með klezmer-þema.

Lúðrasveit Hafnarfjarðar: Ekki reglulegar æfingar.

Lúðrasveit Þorlákshafnar: Hefðbundið starf. Jólátrésspilamennskur, þrettándinn. Samstarf með Lúðrasveit Verkalýðsins. Þann 1. júní s.l. kom Svanurinn í heimsókn. Lítil endurnýjun. Reglulegar æfingar. Jólatónleikar.

Aðrar sveitir (ekki með fulltrúa á fundi): Skólahljómsv. á Akureyri. Eignir L.A. á Akureyri. En L.A. er eiginlega ekki til.

Akranes: Skólahljómsveitir fínar

Höfn og Stykkishólmur: Fullorðinssveitir að nafninu til.

Rætt um það sé vandamál að halda hljóðfæraleikum í sveitunum lengur en til 20 ára.

3. LANDSMÓT

Lagt til að halda mót ekki í Reykjavík, kannski á öðrum tíma en á sumrin. Bæði kostir og gallar við að halda mótin að vetri/hausti.

3. SÍL OG NOMU

NOMU: vilborg fer á fund eftir viku. SÍSL hefur ekki áhuga á að halda nomu-starfinu áfram. Blásaranámskeið féll niður síðasta sumar. fundinum e. viku verður skipt í samnam og nomu-fundi.

Búið að reyna að stofna samtök áhugátónlistarmanna, sem ættu að taka þátt í nomu-starfinu. Spurning hvort að SÍL á að halda áfram að vera með í NOMU. það er dýrt, stærri samtök gætu kannski tekið þátt í starfinu.

síl: ekki hætta starfinu í nomu.

Önnur mál ekki rædd.

fundi slitið.

Atli Týr Ægisson.